



## Fundur í sveitarstjórn

**23. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri miðvikudaginn 22. apríl 2015 og hófst kl 17:00**

**Mætt eru:** Reynir Atli Jónsson, Hilma Steinarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Vilborg Stefánsdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð 3. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar dags. 11. apríl 2015**

**Liður 3. Eftirlits- og vefmyndavélar.**

Lagt til að sveitarstjórn samþykki að settar verði upp eftirlits- og vefmyndavélar á höfninni. Sveitarstjóra falið að fullvinna kostnaðaráætlun vegna myndarvéla og uppsetningar þeirra og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

**Liður 4. Girðingarmál.**

Sveitarstjóri fór gróflega yfir kostnaðaráætlun vegna girðingar á höfninni. Áætlaður kostnaður er um 3 milljónir. Taka þarf tillit til þess við endurskoðun á fjárhagsáætlun. Lagt til að farið verði í framkvæmdir samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Samþykkt samhljóða.

**Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar**

**2. Fundargerð 6. fundar Atvinnu- menningar og ferðamálanefndar Langanesbyggðar dags. 16. apríl 2015**

**Liður 2. Gafli-félag um þingeyskan byggingararf.**

Lagt til að vísa þessari bókun til Menningar- og bókasafnsnefndar Langanesbyggðar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

**Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar**

**3. Fundargerð 6. fundar Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags. 14. apríl 2015**

**Liður 1. Umhverfismál**

Sveitarstjóra falið að fara yfir bókun Landbúnaðarnefndar við lið 1 og leggja fyrir sveitarstjórn á næsta reglubundna fundi sveitarstjórnar minnisblað um málið. Samþykkt samhljóða.

Liður 1a. Girðingarmál rædd. Sveitarstjóra falið að gera minnisblað um málið. Samþykkt samhljóða.

**Liður 3. Erindi frá sveitarstjórn, varðandi fund um málefni þjóðlendna sem boðaður er 21. maí á Húsavík.**

Lagt til að sveitarstjóri eða oddviti sækir fundinn sé þess kostur. Samþykkt samhljóða.

**Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar**



## LANGANESBYGGÐ

### 4. Fundargerð 6. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 16. apríl 2015

#### Liður 3. Lóðaumsókn Bakkavegur 19

Lagt til að sveitarstjórn samþykki afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

#### Liður 4. Fell – deiliskipulag

Lagt til að sveitarstjórn samþykki afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

#### Liður 5. Leiksvæði við Sunnuveg

Lagt til að sveitarstjórn samþykki afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

**Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar**

### 5. Fundargerð 6. Fundar Íþrótt- og tómstundanefndar Langanesbyggðar dags. 9. apríl 2015

#### Liður 1. Ábending vegna aldurstakmarks á Þorablóti á Bakkafirði 2015

Málið hefur áður verið rætt í sveitarstjórn. Sveitarstjórn er sammála um að samræma verði reglur vegna skemmtanahalds í húsnæði sveitarfélagsins. Skrifstofu falið að vinna að því. Samþykkt samhljóða.

**Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar**

### 6. Fundarboð – Fagfundur veitusviðs Samorku dagana 28. og 29. maí 2015

Lagt fram til kynningar

### 7. Fundarboð – Aðalfundur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórnarmenn hvattir til að mæta á fundinn sem haldinn verður í Sauðaneshúsi þriðjudaginn 28. apríl n.k.

### 8. Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2014

Lagður fram til kynningar

### 9. Erindi vegna sértæks byggðarkvóta á Bakkafirði dags. 31. mars 2015

Lagt fram til kynningar.

L-listinn óskar eftir eftirfarandi bókun við þennan lið:

Á sveitarstjórnarfundi 12. mars s.l. óskaði L-listinn að eftirfarandi spurningum yrði svarað um sértækan byggðarkvóta.

- Hversu mörgum tonnum af sértækum byggðarkvóta er búið að landa á Bakkafirði?
- Hversu mörgum tonnum eru fyrirtæki sem eru með sértækan byggðarkvóta búið að útvega í mótframlag?
- Hversu mörg tonn er búið að vinna á Bakkafirði af sértækum byggðarkvóta?

Ástæðan fyrir fyrirspurninni er sú að L-listinn hefur haft áhyggjur af því að sértækur byggðarkvóti á Bakkafirði sé ekki að skila tekjum og atvinnu til sveitarfélagsins eins og hann ætti að gera. Miðað við umræður frá sveitarstjórnarfundi þann 27. mars s.l. þar sem kom fram að erfitt væri að fá upplýsingar um núverandi stöðu á sértækum



## LANGANESBYGGÐ

byggðarkvóta og þyrfti að skoða málin í lok fiskveiðisárs, þá biðjum við um svör við þessum spurningum fyrir fiskveiðiárið 2013/2014 fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Oddviti óskaði eftir 5 mínútna fundarhléi.

### 10. Svarbréf frá svæðisstjóra Norðursvæðis Vegagerðarinnar dags. 10. apríl 2015

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri kynnti fyrir sveitarstjórn erindin sem voru send á Vegagerðina. Sveitarstjóri fór yfir næstu skref.

### 11. Erindi frá Norðurhjara

Lagt til að sveitarstjóri, oddviti og formenn þeirra nefnda sem að ferðamálum koma fundi með fulltrúum Norðurhjara. Samþykkt samhljóða.

### 12. Tillögur af aðalfundi Búnaðarfélags Langnesinga 2015

Lagðar fram til kynningar

Tillögurnar fjalla um förgun dýrahæja og gamlar girðingar.

Vísað í afgreiðslu sveitarstjórnar við lið nr 3 í dagskrá. Samþykkt samhljóða.

### 13. Erindi vegna Kayakleigu á Þórshöfn

Erindið er styrkbeiðni um kaup á kayak og búnaði. Sveitarfélagið fagnar framtakinu en telur sig ekki geta orðið við styrkbeiðninni. Samþykkt samhljóða. Viðkomandi er óskað góðs gengis með kayakleiguna.

### 14. Austfjarðartröllið og Valkyrjur Íslands 2015

Óskað er eftir styrk vegna Austfjarðartröllsins og Valkyrjur Íslands 2015. Lagt til að styrkja verkefnið um 125 þúsund krónur líkt og verið hefur. Samþykkt samhljóða.

### 15. Erindi eigenda jarðanna Eiðis I, Ártúns og Eiðis II dags 26. mars 2015

Lagt fram til kynningar

### 16. Erindi frá Páli Jónassyni, Hlíð vegna sormála dags 13. apríl 2015

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að vinna að úrlausn málsins. Samþykkt samhljóða.

### 17. Skýrsla sveitarstjóra Langanesbyggðar

#### a. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélag.

Sveitarstjóri og oddviti fóru á landsþingið. Margt áhugavert kom fram á þinginu og eru sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér efni þess á vefsíðu sambandsins.

#### b. Leikskóli/skólamiðstöð.

Sveitarstjóri fundaði með hönnuði. Farið var yfir stöðuna og næstu skref. Ráðgert er að hann komi norður mjög fljótlega.

#### c. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Sveitarstjóri sótti fundinn. Var hann kosinn í stjórn Atvinnuþróunarfélagsins og kosinn sem varaformaður stjórnar.



## LANGANESBYGGÐ

### d. Ársreikningur 2014

Vinna við ársreikning 2014 er langt kominn og verður fyrsta umræða um ársreikninginn í næstu viku

### e. Framkvæmdir

Verið er að skoða það að setja í gang lagfæringar á lögn við Eyrarveg. Lóðafrágangur við Naust, verið að leita tilboða í hellulögn við inngang og fleira smálegt

Vinna við utanhúsklæðningu í Hálsvegi 9 og 11 er langt komin  
Hreinsun gatna mun fara fram mjög fljótlega

### f. Verkefni sumarsins.

Verið er að taka saman lista yfir verkefni sumarsins þar sem megináhersla verður lögð á fegrun þéttbýliskjarna og smærri lagfæringar. Listinn verður lagður fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.

## 18. Næsti fundur sveitarstjórnar

Lagt til að haldinn verði aukafundur sveitarstjórnar þriðjudaginn 28. apríl 2015 kl 17. Þar mun Magnús Jónsson, endurskoðandi frá KPMG mæta og fara yfir ársreikning 2014. Samþykkt með 6 atkvæðum. Hilma situr hjá.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:29